

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað Neskaupstaður



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	8.11.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Síldarvinnslan hf. Neskaupstað	<b>Eftirlitsmaður</b>	Leifur Þorkelsson
<b>Heimili</b>	Hafnarbraut 6, Neskaupstað	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	5702697479	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hafþór Eiríksson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	748727,903 526902,195

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitsferðinni og engar athugasemdir voru gerðar. Brugðist hefur verið við 3 frávikum af fjórum sem fram komu í eftirliti ársins 2017 og sótt hefur verið um breytingu á starfsleyfi vegna þess fjórða.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Leifur Þorkelsson.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með Hafþóri Eiríkssyni verksmiðjustjóra. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið. Að lokum var farið í skoðun um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar komu fram fjögur frávik frá starfsleyfi. Ryk í útblæstri frá olúbrennara mældist yfir starfsleyfismörkum, hraði útblásturslofts mældist lægri en kveðið er á um í starfsleyfi, heildarlosun á magni mengandi efna hafði ekki verið framkvæmd og farist hafði fyrir að tilkynna um TVN yfir viðmiðunarmörkum í einhverjum tilfellum.

Verklagi varðandi tilkynningar um TVN yfir viðmiðunarmörkum var breytt í kjölfar síðustu eftirlitferðar og greinargerð um losun mengandi efna frá verksmiðjunni barst í desember 2017. Endurbætur og lagfæringar á skorsteini fóru fram sl. haust og mælingar verkfræðistofu staðfesta að hraði útblástursloft uppfyllir nú þær kröfur sem fram koma í starfsleyfi. Í ágúst sl. var sótt um að grein 2.9. í starfsleyfi verksmiðjunnar yrði breytt til samræmis við starfsleyfi annarra fiskimjölsverksmiðja og losunarmörk varðandi ryk í útblæstri olúbrennara ættu aðeins við ef hlutfall notkunar olúbrennara færi yfir 3% af keyrslutíma verksmiðjunnar. Bent var á verksmiðjan væri nánast eingöngu keyrð á rafmagni og að olíunotkun væri óveruleg. Umhverfisstofnun hefur ekki tekið afstöðu umsóknarinnar en mun ekki ráðast í frekari eftirfylgni með frávikinu á meðan umsóknin er vinnslu hjá stofnuninni

Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar og engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt. Vinnsla í verksmiðjunni hefur verið nokkuð stöðug á árinu og alls hafði hún tekið á móti 145.000 tonnum af hráefni þegar hún var heimsótt. Ekki hefur komið til þess að verksmiðjan væri stopp í meira en einn mánuð. Í haust voru gerðar endurbætur á skorsteini og tveir gamlir hráefnistankar fjarlægðir. Stöðugt er unnið að viðhaldi og endurbótum á verksmiðjunni sem m.a.míða að því að auka orkunýtingu.

Fram kom að verksmiðjan vinnur að verkslagsreglu varðandi þrýstiprófun á lögnum og þykktarmælingu á lýsistönkum, en með gildistöku nýrrar reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi er gerð krafa um hvorttveggja.

Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi vegna ársins 2017 hefur verið skilað. TVN er mælt og skráð reglulega og eru niðurstöður sendar eftirlitsaðila reglulega. Magn mengandi efna í frárennsli var mælt á loðnuvertíð í febrúar, skýrslu með niðurstöðum var skilað 5. nóvember sl. öll gildi mældust undir þeim mörkum sem fram koma í grein 2.17. í starfsleyfi

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

14.12.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

*Halla Einarsdóttir*  
Halla Einarsdóttir